

Dagskrá fundar:

- Fjárhagsútkoma síðasta árs
- Fyrirkomulag árshátíðar – þrjár sýningar, tvenn kaffihlaðborð. Umræður.
- Heilsueflingarstarf í skólanum
- Önnur mál

Mættir: Vala Alvilde Berg (03vala@oddeyrarskoli.is), 9. bekk, Lilja Katrín 10. Bekk (02lilja@oddeyrarskoli.is), Linda Rós, Sigurrós Karlsd., Kristín Jóhannesdóttir, Sigrún (sigrunbjorgaradottir@gmail.com), nýr fulltrúi foreldra í skólaráði.

Fjarverandi: Bára Árný stuðningsfulltrúi, Erlendur Steinar og Berglind Harpa, fulltrúar foreldra.

Fundarritari: Linda Rós

1. Fjárhagsútkoma síðasta árs. Fjárhagsár bæjarins lokar í dag, eftir það er ekki hægt að gera frekari breytingar. Áætlaðar tekjur skólans voru um 16.700.000 en raunverulegar tekjur voru um 26.700.000 eða 10.000.000 hærri. Fæðissala var heldur meiri en áætlað var og eins vistunargjöld. Þá voru leigutekjur um 2.000.000 hærri en áætlun gerði ráð fyrir.
Við erum eini skólinn í bænum sem rekur sitt eigið íþróttahús en fáum því tekjurnar af leigunni. Leigan er 5000 kr. fyrir foreldra hér innanhúss en 7.500 fyrir aðra. Rætt um að þessar upphæðir séu of lágar og gott svigrúm til að hækka verðið.
Erum á pari í búnaðarkaupum. Rekstrarlega er erfitt fyrir skóla að skila hagnaði en það gerum við fyrir þetta ár.
2. Breyting á fyrirkomulagi varðandi árshátíðarball 10. bekkinga. Það þurfti að færa ballið vegna söngkeppni félagsmiðstöðvanna. Ballið verður haldið 23. febrúar. Það hefur ekki mikið verið rætt en þó kom upp sú staða að annar skóli verður þá á undan að vera með tónlistarfólkið sem ætlunin var að hafa á ballinu.
Í ár verður blandað betur á sýningar til að dreifa fjöldanum betur. Þá verða saman einn bekkur af hverju stigi. Reynslan hefur sýnt að flestir áhorfendur mæta með yngstu krökkunum. Kaffisalan kom einnig betur út en áður. 10. bekkur æfir af krafti næstu daga fyrir árshátíðina.
3. Kristín fer yfir kynninguna sem notuð er við að kynna okkar starf við Heilsueflandi grunnskóla.
Mikil gróska hefur verið í sambandi við Heilsueflandi grunnskóla á landsvísu. Við fengum styrk til að vinna að verkefni og hafa aðrir skólar á Akureyri óskað eftir kynningu á okkar innleiðingu. Við unnum heilsustefnuna okkar í upphafi vinnunnar og í kjölfarið var farið í að fylla út lista frá landlæknisembættinu.
Við leggjum áherslu á að taka þátt í öllum landsátökum varðandi hreyfingu eins og Lífshlaupið og þannig lagað. Íþróttasalurinn er opinn nemendum í frímínútum þrisvar í viku og stefnt er að því að halda áfram að hreyfivæða skólann og skólalóðina.
Til stendur að rífa vegg milli tveggja lítilla herbergja á tengigangi við íþróttahús. Þar væri hægt að setja upp teygju- og slökunarherbergi, eða t.d. að vera með yoga. Á dögunum kom styrkur frá Norðurorku sem ætlaður er í þetta verkefni.

Við höfum verið með í huga að bæta hreyfingu inn í stundaskrána þá daga sem ekki eru íþróttir og sund. Það hefur gengið mjög vel á yngsta stigi og miðstigi og stendur til að bæta hreyfingu inn á elsta stigi.

Sigrún kom með þá hugmynd að setja grafík á gólfið fyrir neðan apastigann sem gefur til kynna að maður sé að detta ofan í hákarlavatn eða eitthvað í þá átt.

Einnig kom fram hugmynd um að nota facebook síðu skólans til að fræða foreldra og koma með hugmyndir að hollu nesti.

Erum að gera margt í sambandi við geðrækt þó við séum ekki farin að innleiða þann þátt í Heilsuefandi grunnskóla enn. Sem dæmi má nefna DAM og ART.

Nemendur ánægðir með breytingar hér innanhúss sem hvetja til hreyfingar en finnst vanta hugmyndir og áhuga á að fara út í frímínútum og gera eitthvað, leika sér. Mikil ánægja með hafragrautinn.

Unglingastigið er að fara að vinna með næringu og heilsu í þema og fram kom hugmynd um að nýta afrakstur þeirrar vinnu og kynna fyrir foreldrum, t.d. í gegnum heimasíðu skólans.

Fundi slitið kl. 10.00.